



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

# TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

5. árg. 6. – 7. tölublað. Júní – júlí 2011.

## EFNI:

Biðlistar eftir völdum skurðaðgerðum á sjúkrahúsum í júní 2011

bls. 1

Brjóstgjöf á Íslandi

bls. 3

## Ritstjórn

Lilja Sigrún Jónsdóttir  
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir  
Svanhildur Þorsteinsdóttir

## Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1919

Neffang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

## BIÐLISTAR EFTIR VÖLDUM SKURÐ- AÐGERÐUM Á SJÚKRAHÚSUM Í JÚNÍ 2011

Nú hafa verið birtar á vef Landlæknisembættisins upplýsingar um fjölda sjúklunga á biðlista eftir völdum aðgerðum í júní 2011. Heildaryfirlit yfir stöðu á biðlistum er að finna á síðunni [Aðgerðir og biðlistar – tölur](#) á vefsetri embættisins. Hafa ber í huga að tölurnar ná einungis yfir þá sem beðið hafa 3 mánuði eða lengur eftir aðgerð. Auk upplýsinga um fjölda á biðlista eru birtar upplýsingar um fjölda framkvæmdra aðgerða ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma þar sem hann liggur fyrir.

Embættið hefur kallað eftir upplýsingum um áætlaðan biðtíma frá því í október 2008 og birtir nú samanburð milli júní 2009, júní 2010 og júní 2011. Áætlaður biðtími er gefinn upp í heilum vikum og gefur til kynna mat stjórnenda viðkomandi sjúkrahúsa á því hversu lengi sjúklungur gæti þurft að bíða eftir tiltekinni aðgerð. Upplýsingar um áætlaðan biðtíma eru einvörðungu til leiðbeiningar. Sjúklungur og aðstandendur þeirra þurfa ætíð að snúa sér til eigin læknis eða starfsfólks sjúkrahúss til þess að fá nánari upplýsingar um áætlaðan biðtíma eftir því sem við á.

Samkvæmt lögum um réttindi sjúklunga er lækni skylt að veita sjúklingi upplýsingar um áætlaðan biðtíma eftir meðferð sem hann þarfnast og möguleika til að fá meðferðina fyrir annars staðar.

### Staða á biðlistum í júní 2011

Almennt virðist sem ekki hafi orðið fjölgun á biðlistum frá því í febrúar. Ýmist hefur fjöldinn staðið í stað eða eilítil fækkun orðið.

- Eftir nokkuð stöðuga fjölgun á biðlista eftir **aðgerð til brjóstaminnkunar** frá því í byrjun árs 2010 hefur nú orðið umtalsverð fækkun, eða um tæp 40% frá því síðast, og eru nú fjórðungi færri á listanum en á sama tíma fyrir ári. Áætlaður biðtími hefur að sama skapi styst. Svo virðist sem sameining St. Jósefsspítala og Landspítala ásamt tilheyrandi flutningi á starfsemi hafi ekki

haft áhrif til hins verra. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala ber við túlkun þessa biðlista að hafa í huga að einhver hluti þeirra sjúklunga sem á honum er vinnur að því að mæta forkröfum aðgerðar um að léttast. Það er því óvíst hvort allir á biðlistanum eru í raun tilbúnir til þess að fara í aðgerð.

- Enginn er á biðlista eftir **kransæða-aðgerðum** og **aðgerðum á hjartalokum**. Á sama tíma fyrir ári biðu 5 manns eftir hjartalokuaðgerð en 8 eftir kransæðaaðgerð. Biðlisti vegna **hjarta- og/eða kransæðamyndatöku** (kransæðavíkkunar meðtaldar) hefur styst lítillega frá síðustu mælingu og er nú svipaður og á sama tíma í fyrra.
- Talsverð fækkun hefur orðið á biðlista eftir **gerviliðaaðgerðum á mjöðm** og **gerviliðaaðgerðum á hné** miðað við stöðuna í febrúar. Áætlaður biðtími er sem fyrr alllangur, allt að ári. Staðan á biðlistum er svipuð og á sama tíma fyrir ári, sem leiðir líkur að því að hér sé um árstíðabundna lækun að ræða.
- Fjöldi á biðlista vegna **hálskirtlatöku** er óbreyttur frá síðustu mælingu og ef litið er til stöðunnar á sama tíma fyrir ári.
- Biðlisti eftir **viðgerðum á nefskipt** hefur aftur á móti styst um nær helming en er svipaður og fyrir ári, sem bendir til þess að um árstíðabundna sveiflu sé að ræða.
- Biðlisti eftir **skurðaðgerð á augasteini** hefur styst nokkuð miðað við síðustu athugun en er hins vegar álíka langur og hann var á sama tíma fyrir ári. Það má því vera að hér sé um árstíðabundna sveiflu að ræða.

Framh. bls 2

*Enginn er á  
biðlista eftir  
kransæðaaðgerðum  
eða aðgerðum á  
hjartalokum.*

*Alls biðu 17 eftir  
aðgerðum vegna  
kviðslits í febrúar  
2011 en nú bíða 24  
en á sama tíma  
fyrir ári biðu  
hins vegar 10.*

Í samanburði við stöðu á biðlistum í febrúar 2010 má greina nokkra fjölgun á eftirfarandi biðlistum:

- Fjölgun á biðlista eftir **aðgerðum vegna vélindabakflæðis og þindarslits** hefur orðið allnokkur. Nú bíða 22 einstaklingar eftir aðgerð, eða rúmlega helmingi fleiri en við síðustu athugun í febrúar og tæplega þrefalt fleiri en á sama tíma fyrir ári.

Áætlaður biðtími hefur að sama skapi lengst úr rúmum 18 vikum fyrir ári í rúmar 29 vikur nú. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala hefur hægt á innköllun sjúklinga í þessar aðgerðir vegna álags á skurðstofur og starfsfólk. Aukin bið er þó ekki talin hafa áhrif á horfur viðkomandi einstaklinga í þessu tilviki.

- Biðlisti eftir **aðgerðum vegna kviðslits** hefur lengst nokkuð síðan síðast. Alls biðu 17 í febrúar 2011 en nú bíða 24 sem er svipuð staða og í október 2010. Á sama tíma fyrir ári biðu hins vegar 10. Áætlaður biðtími á Landspítala hefur að sama skapi lengst umtalsvert frá því fyrir ári, úr tæpum þremur vikum í nú.
- Biðlisti eftir **aðgerðum vegna legsigs** á Landspítala er nokkuð lengri nú en á sama tíma í fyrra þrátt fyrir eilítla lækkun frá því í febrúar á þessu ári. Áberandi er hversu mikið biðlisti á Landspítala hefur lengst sem og áætlaður biðtími, en það skýrist af því að St. Jósefsspítali var sameinaður Landspítala snemma á árinu.

Sama ástæða er fyrir lengingu á biðlista eftir **legnámi**. Í því tilviki hefur biðlistinn hins vegar á heildina litið dregist saman frá því í febrúar.

#### Túlkun biðlistatalna

Þegar tölur um biðlista eru túlkaðar er árið-andi að hafa eftirfarandi í huga:

- Tölur gefa til kynna fjölda þeirra sem beðið hafa 3 mánuði eða lengur. Þeir sem beðið hafa skemur eru sagðir vera á vinnulista.
- Biðlistar geta verið mismunandi eftir árstímum, t.d. vegna sumarleyfa starfsmanna. Við samanburð er því rétt að líta einnig til fjölda þeirra sem voru á biðlista á sama tíma fyrri ár.
- Hafa ber í huga að sjúklingar geta þurft að bíða mislengi eftir því á hvaða heilbrigðisstofnun og/eða hjá hvaða lækni þeir eru skráðir.
- Mikill fjöldi á biðlista jafngildir ekki alltaf langri bið; líta þarf til fjölda framkvæmdra aðgerða á tímabilinu.
- Sjúklingar geta sjálfir í samráði við sinn lækni frestað aðgerð en þannig lengist biðtíminn.
- Mannabreytingar á stofnunum, breytt verklag og flutningur verkefna milli stofnana getur haft áhrif á tölurnar.

*Svanhildur Þorsteinsdóttir*

*Sex mánaða gömul voru 75% barna á höfuðborgarsvæðinu, sem fædd voru árin 2004–2008, enn á brjósti, ýmist eingöngu eða með ábót.*

## BRJÓSTAGJÖF Á ÍSLANDI

Algengi brjóstagjafar á Íslandi hefur verið breytilegt í tímans rás. Í Grágás, lagasafni íslenska þjóðveldisins, var tekið fram að konur ættu að gefa börnum sínum brjóstamjólki í tvö ár og vera undanþegnar kröfu um að fasta. Þá benda heimildir til þess að á 17. og 18. öld hafi brjóstgjöf ekki verið almenn og vitað er að um miðja 20. öldina, með vaxandi notkun þurrmjólkur, var brjóstgjöf ekki algeng á landinu.

Tölur úr ung- og smábarnavernd frá 1973 sýna að um 15% íslenskra mæðra voru með börn sín á brjósti lengur en í þrjá mánuði en um 80% árið 1991 (Marga Thome, 1993). Þessi mikla breyting á aðeins tveimur áratugum sýnir að með fræðslu og stuðningi er hægt að hafa áhrif á brjóstgjöf mæðra. Því er mikilvægt að fylgjast með þróun hennar hér á landi til að styðja við brjóstgjöf, bæði vegna tengsla móður og barns en ekki síður vegna næringargildis brjóstamjólkur fyrir barnið.

Almennt er viðurkennt að brjóstamjólki er besta næringin fyrir ungbörn. Sú staðreynd varð meðal annars til þess að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) mælti með því árið 2001 að börn væru eingöngu á brjósti fyrstu sex mánuði ævi sinnar. Í því felst að ungbarnið fær ekkert annað en brjóstamjólki og vítamíndropa fyrstu sex mánuðina og ef nauðsyn krefur, lyf að ávísun læknis.

### Skráning brjóstgjafar

Í ung- og smábarnavernd hefur um árabil verið skráð hvernig ungbörn nærast. Þessar upplýsingar er að finna í heilsufarskrá barnsins sem sl. ár hefur verið hluti af sjúkraskrárkerfinu Sögu. Aftur á móti hefur þessum upplýsingum ekki verið haldið skipulega til haga ef undanskildar eru

skýrslur um brjóstgjöf sem voru gefnar út af Miðstöð heilsuverndar barna fyrir börn fædd árin 1999–2003.

Til að meta algengi brjóstgjafar og gæði rafrænna gagna um brjóstgjöf ungbarna í Sögu hefur Landlæknisembættið ákveðið að rannsaka skráðar upplýsingar um næringu ungbarna sem fæddust árin 2004–2008 og búsett voru á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar litið er á hversu lengi umrædd börn á höfuðborgarsvæðinu voru á brjósti sýna gögnin í Sögu að nær öll börnin fengu brjóstamjólki þegar þau voru einnar viku gömul. Sex mánaða gömul voru 75% barnanna enn á brjósti, ýmist eingöngu eða með ábót, og eins árs gömul voru 26% þeirra á brjósti.

Hvað varðar algengi þess að mæður gefi barni sínu eingöngu brjóstamjólki voru 85% mæðra með barn sitt eingöngu á brjósti þegar barnið var vikugamalt, um 50% mæðra gáfu fjögurra mánaða gömlum börnum eingöngu brjóst og 8% höfðu sex mánaða börn sín aðeins á brjósti. Um fjórðungur ungbarna fékk þurrmjólki þegar þau höfðu náð 4–6 mánaða aldri en síðan fengu þau í vaxandi mæli stoðmjólki og eins árs gömul fengu þrjú af hverjum fjórum börnum stoðmjólki.

### Fyrstu niðurstöður

Hér eru kynntar fyrstu niðurstöður um algengi brjóstgjafar á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2004–2008, byggðar á upplýsingum í Sögu, rafrænni sjúkraskrá heilbrigðisþjónustunnar. Þær gefa til kynna að við Íslendingar séum nokkuð langt frá markmiðinu sem WHO setti árið 2001.

Mikilvægt er að heilbrigðisstarfsmenn skrái vel brjóstgjöf og næringu ungbarna í heilsufarskrá ung- og smábarnaverndar í Sögu til að fá sem gleggstar upplýsingar um algengi brjóstgjafar hér á landi.

Næsta skref hjá Landlæknisembættinu er að afla svipaðra gagna frá öðrum heilbrigðisstofnunum á landinu og er undirbúningur að því þegar hafinn.

*Geir Gunnlaugsson*

Heimild:

Marga Thome. 1993. Þróun brjóstgjafar í Reykjavík frá 1970–90. *Hjúkrun* 69(3):11–23.

